



## „Sæll vinur, er búið að veiða mikið í sumar?“

*Þingvallahleikjur*

*Ljósmynd Jón Gestur Ólafsson*

Eitthvað líkt þessu hljómar algeng kveðja stangaveiðimanna á þessum árstíma. Hjá mörgum þeirra er svarið eitthvað í þessa veru: „Nei því miður. Ég ætlaði að veiða svo miklu miklu meira, en tíminn hefur liðið svo dýskoti hratt“. Ég hef velt þessu tregablendna svari fyrir mér og fundið í því tvö áhugaverð atriði sem ég ætla nú að skoða betur:

Annað áhugaverða atriðið er tíminn. Hvers konar furðufyrirbæri er hann eiginlega? Stundum silast hann áfram eins og gerðist í bernskuminningunni á aðfangadögum en önnur skipti þýtur hann áfram líkt og hraðspólin í myndbandstæki. Liðu ekki mánuðirnir janúar, febrúar og mars á þessu ári mun hægar en júní, júlí og ágúst? Varla er það vegna dagafjöldans því að samkvæmt almanakinu voru fleiri dagar í því tímabili sem leið hraðar. Skyldi tíminn þá ekki vera breytilegur?

Meðan ég velti þessu fyrir mér heyrði ég þul í útvarpi allra landsmanna lesa fréttir frá íþróttamóti þar sem spretthlauparinn Eugene Bolt hljóp einhvern spól á “hraðasta tíma ársins”. Fyrst sjálfst Ríkisútvarpið fullyrðir að tíminn sé suma daga hraðari en hann er á öðrum dögum ársins þá hlýtur hann að vera breytilegur. Frændur okkar í Færeyjum bæta svo um betur með þekkingu sinni á tímanum því að ef þú reynir að fá Færeyng til að flýta sér þá er hann vís til að benda þér á að það skipti ekki máli því það kemur alltaf meiri tími. Tíminn er sem sagt síbreytilegur en samt endalaus. Ekki er furða þótt hann líði alveg dýskoti hratt við veiðiskap.

Hitt áhugaverða atriðið í svarinu að ofan, „Ég ætlaði að veiða svo miklu miklu meira“ er hins vegar allt annars eðlis. Það getur bæði átt við fjölda veiddra fiska, aflamagn og ástundun. Þetta árið voru allir þessir þættir langt undir væntingum hjá undirrituðum, sem forðast þá tilhugsun hvernig færi ef hann væri langt uppi í óbyggðum og hefði enga lífsbjörg nema þá fáu og smáu fiska sem honum tækist að veiða. Andstæðan við örvæntingarfullar tilraunir til mataröflunar og meintan hungurdaða er svo hin vel heppnaða markaðsbrella veiðileyfasalanna, endurnýting á lifandi veiðibráð undir vörumerkinu veiða-og-sleppa. Svo ég segi frá frá þá finnst mér slíkt ekki vera alvöru veiðiskapur því að þar vantar almættisaugnablikið þegar maður ákveður hvort veiddur fiskur skuli deyddur eða honum sleppt. Veiði án slíks hápunkts höfðar ekki til mín frekar en kynlíf án fullnægju og eftirlæt ég hana því öðrum.

Dagarnir styttest og veiðitíma þessa árs er að ljúka. Samt er engin ástæða til að leggjast í depurð og drunga. Vetrarstarf Ármanna hefst brátt og þar með gefst okkur kjörið tækifæri til að hnýta veiðiflugur og undirbúa veiðitímabil næsta árs. Einnig er stjórn félagsins að skipuleggja margvíslegar uppkomur sem munu stytta okkur stundir í vetur og verða þær kynntar á viðeigandi hátt.

Hittumst heil í Árósum.

# Missannar minningar



*Það er fallegt í Botnavíkinni í september.*

Ég ek suðureftir gegnum Hafnarfjörð, beygi til vinstri inn á Krísvíkurléið, framhjá Kleifarvatni og aftur til vinstri. Það er skýjað, sunnan gola, björt nótt í lok maí og náttúran vakir allan sólarhringinn. Ég fer framhjá Herðísarvík þar sem stórskáldið Einar Benediktsson endaði sína ævidaga, einangraður frá hinni vanþakklátu menningu.

Tveir tófuyrðlingar leika sér á veginum. Þeir hafa ekki ennþá kynnst vonsku heimsins, en ólmast um í sínu áhyggjulausa kæruleysi. Þeir fara að elta lóu sem syngur bí og dírrin og virðist ekki vitund hrædd við þessi verðandi rándýr. Skyndilega heyrir „gagg“ og yrðlingarnir stoppa á andartaki. Kannske var þetta rödd móður að minna á að vera ekki að leika sér að matnum.

Hér keyrir maður hægt og varlega með virðingu fyrir umhverfinu. Volvoinn minn nýi stingur í stúf við ósnortna náttúruna og mér finnst ég hálfpartinn trufla þetta fullkomna náttúrulega jafnvægi. Hér ætti maður að ganga um nakinn og helst á fjór-um fótum.

Jæja. – Nú er ég ég bráðum kominn. Hlíðarvatn í Selvogi er framundan. Vatnið er gárað og skilyrði góð.

Hinumegin stendur Strandarkirkja á sjávarkambinum, líkt og á verði og horfir til vesturs út á Atlantshafið. Helgisögn er til um uppruna Strandarkirkju:

Það var um miðja elleftu öld, eða skömmu eftir að Íslendingar urðu kristnir, að ungur bóndi úr Árnesýslu sigldi á skipi sínu til Noregs til að kaupa timbur til húsbýgginga. Á heimleiðinni hrepti hann illviðri og tapaði áttum og von. Hann hét því þá að ef hann næði landi heilu og höldnu skyldi timburfarmurinn notaður til kirkjubýggingar á þeim stað sem skipið lenti. Þá birtist ljós, engill sem vísaði veginn þangað til skipið stöðvaðist á sandbotni án nokkurs skaða. Engillinn hafði leitt skipið krákustígu milli kletta og skerja inn í litla sandvík sem sést enn þann dag í dag og heitir Engilvík.

Sagan segir einnig að Strandarkirkja launi fyrir sig. Og það hefir tíðkast öldum saman að heita á Strandarkirkju og kirkjan er þess vegna ein af ríkustu kirkjum landsins.

Billinn utan við veiðihúsið gefur til

kynna að Ísak hefur verið hér í nótt og veitt í gærkveldi. En hann er ekki vaknaður og það er merki um litla veiði. „Það er bráðum kvöld“, kalla ég inn um dyrnar. Ísak skreiðist fram úr kojunn og inn á klósett með tilheyrandi hljóðum sem fylgja manni sem er að vakna. „Þú ert snemma á fótum í dag, bjálfinn.“ Ísak er úrillur, sem sannar veiðileysi gærkvöldsins. Skapið batnar með morgunkaffinu.

„Ég fékk ekki fisk í gærkveldi, en það var nógur fiskur. Þeim leist bara ekki á flugurnar mínar,“ segir Ísak.

„Það skil ég vel. Mér list ekki á þær heldur. Þú ættir nú að fara að hnýta alvöru flugur,“ segi ég stríðnislega, en Ísak heyrir ekki heimskulegar athugasemdir og heldur áfram: „Kornátan virðist hafa náð yfirhöndinni.“ Þessa skýringu hef ég heyrt áður en aldrei skilið.

Við förum á gömlu staðina sem við þekkjum best, köstum og skiptum um flugur aftur og aftur. Bleikjan er skemmtilegur og sjarmerandi fiskur. Stundum tekur hún fluguna hvað eftir annað aftur og aftur eins og til að veita okkur sem allra mesta ánægju. En stundum hefir hún engan áhuga á okkar fegurstu flugum, syndir bara kæruleysislega fram og til baka, sýnir sig gjarnan í yfirborðinu, en vill ekki neitt. Allt í einum skiptir hún kannske um skoðun og tekur fluguna.

Í þetta skipti verðum við ekki varir. Við tyllum okkur og fáum okkur kaffi. Við ræðum um veðrið, hitastig vatnsins, nýjar flugur sem við höfum hnýtt. Mér finnst flugur vinar míns skorta listrænt útlit.

Skyndilega fær Ísak fisk. Þetta er falleg þriggja punda bleikja. „Hún tók þyngda gránu,“ segir Ísak. „Prófaðu þessa.“ Hann réttir mér flugukrök með einhverri ljótri ullarflygsu. Eg tek við en sjálfsvirðingu minni er illa misboðið. Ísak tekur ekki eftir mínun sjálfhverfu vandamálum og dregur fleiri bleikjur. Ég hnýti fluguna á tauminn og kasta. Ég verð næstum því fyrir vonbrigðum þegar stór bleikja tekur í fyrsta kasti.

Við veiðum góða stund og pokarnir þyngjast. Við tyllum okkur og Ísak tekur upp litinn stálfleyg með góðu viskíi. Við fáum okkur sopa.

Það er farið að rigna en það gerir ekkert

til. Vatn er ekki vandamál fyrir veiðimenn, öðru nær. Við njótum náttúrunnar í þögn og fáum okkur annan sopa.

„Trúir þú á engil Strandarkirkju?“ spyr ég. „Já, því ekki það,“ svarar Ísak svolítið öngugur.

„Hefir þú greitt kirkjunni fyrir góða veiði?“ held ég áfram miskunnarlaust.

Dökkbrúnn minkur læðist milli steina. Ísak tekur smábleikju úr pokanum og kastar að minknum sem hverfur á augabragði. Eftir smástund er fiskurinn líka horfinn. Ísakson lítur í kringum sig, í átt til kirkjunnar og aftur þar sem fiskurinn lá.

Enn er þögn.

„Það var 22. maí fyrir tólf árum.“ Ísak talar hægt og lágt. „Ég var búinn að berja vatnið allan daginn án þess að verða var. Það var allstaðar fiskur en enginn tók. Klukkan var orðin hálf sjö og ég þurfti að vera heima kukkan átta. Þá sagði ég upphátt: Ef ég fæ fisk núna þá gef ég þúsund krónur til Strandarkirkju. Þá skeði það. Ég fékk fjórtán fiska í fjórtán köstum. Þá varð ég að fara heim.“

Ég gat varla leynt hlátrinum, en það blikuðu tár í augum vinar míns og veiðifélagi.

„Ég þurfti ekkert á þessari veiði að halda. Ég átti nóg að borða heima. Það má ekki misnota helgidóminn. Ég mútaði heilögum anda.“ Ísak snýtir sér.

„En kæri vinur. Það er nákvæmlega eins núna. Ég hefi fengið fjórtán fiska, en bara ekki lofað kirkjunni neinum peningum.“

„Ég hefi engum sagt þetta fyrr en nú,“ segir Ísak ekki alveg ánægður.

„Hvað hefir þú fengið marga fiska?“ spyr ég. Ísak telur í pokanum.

„Hér eru átján og einn handa minknum,“ segir Ísak og brosir.

Þögn.

„Nú tæmum við fleyginn.“ Ísak hefir tekið gleði sína á ný.

Tveir gamlir menn ganga varlega í átt að veiðihúsinu. Þeir styðja hvor annan. Þeim finnst þeir vera ungir og duglegir, en þreyttir og hlakka til sofa vel í nótt.

Enn einu sinni hefir Hlíðarvatn í Selvogi gert þá að heimsins hamingjusömustu mönnum.

*Stefán Yngvi Finnbogason*

# 230

# Fiskar og menn

Hvað er það sem dregur menn úti vitlaust veður til að renna fyrir fisk? Standa sig blautan og kaldan daglangt og finna jafnvel engan fisk til að bíta á.

Þetta er spurning sem sumir hafa spurt sig eftir langan og kaldan veiðidag þar sem veiðislóðin sýndist alveg fiskilaus. En veiðimenn eru bjartsýnisfuglar með gullfiskaminni. Eftir örfáa daga er fiskleysið og möguleg vösbúð alveg gleymd. Meira en það, við erum farnir að leggja á ráðin um næstu veiðiferð sem að öllum líkindum verður gjöful og hvorki of né van af neinu er veðurguðirnir senda okkur. Þessa tilfinningu þekkjum við flestir vel og alltaf er spennandi að renna fyrir fisk, hvornig sem viðrar. Getur líka verið ferlega gaman ef þú ert svo heppinn að eiga sámilegan veiðifélaga.

En getum við verið vissir um að fiskur sé alltaf til staðar? Um ókomna tíð? Hvað gerum við stangaveiðimenn til að auka líkurnar á því? Margir þeir sem fara með veiðirétt í ám hafa bannað fiskadráp og er öllum veiddum fiski sleppt í ána aftur. Þykir það hafa gefist vel þar sem menn hafa haft úthald og þolímæði til að reyna þetta nógu lengi til að sjá árangurinn. Öðrum þykir þetta dýraníð af verstu sort og móðgun við veiðigyðjuna. Bæði sjónarmið eru góð og gild en best væri ef hægt væri að fara einhvern milliveg í þessu, sérstaklega þar sem veiðisvæði eru sannarlega viðkvæm. Sjögenginn silungur virðist allsstaðar vera rétttræpur. Er það allt í lagi, kemur alltaf meira af sjögengnum silungi? Eða eru áhrif stangaveiði hverfandi þáttur í afföllunum? Þar sem vafi leikur á veiðipoli eða einhverjar framkvæmdir vofa yfir, sem haft geta áhrif á veiði og vatnasvæði, verður að gera kröfu til Veiðimálastofnunar og viðkomandi aðila um að rannsaka allar hliðar málsins — tímánlega.

Annað þessu tengt er yfirvofandi mengun af mannavöldum. Nýleg dæmi eru um að úrgangur frá iðnaði og þjónustu sleppur í ár. Hvernig er frárennismálum háttað um landið? Er tryggilega gengið frá sundlaugum sem eru ofarlega á vatnasvæðum? Þær voru sennilega rétt hannaðar í upphafi og eftir öllum gildum reglum á sínum tíma. En er það nóg í dag? Kunna allir starfs-



Mynd Magnús Jóhannsson

*Benóný Jónsson meðhöndlar klórdaudan Varmársjóbirting.*

menn viðkomandi sundlaugar að bregðast við ef eitthvað fer úr lagi? Klór er gríðarlega ölfugt geryðingar efni ef það sleppur í ár og vötn. Nýleg dæmi eru frá því í nóvember 20 07 þegar u.þ.b. 1000 lítrar af klór runnu í Varmá í Hveragerði, sjá skýrslu Veiðimálastofnunar: [http://www.veidimal.is/files/Skra\\_0025639.pdf](http://www.veidimal.is/files/Skra_0025639.pdf), og í Akerselva í S-Noregi runnu nærri því 6000 en áin rennur í gegnum Osló (sjá nánar á vef Veiðimálastofnunar [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)).

Hvernig er þessu háttað á Íslandi, taka ekki þrær eða víðlíka búnaður við þeim klór sem mögulega getur lekið úr einni sundlaug og stöðvar hann þar? Slíkar þrær er skylt að hafa kringum miklar olíubirgðir. Eru heilbrigðisnefndir, heilbrigðiseftirlit og vinnueftirlit á hverjum stað örugglega nógu mannaðar til að sinna eftirlitshlutverkinu? Hver gætir varðanna? Ítrekuð áföll í eftirlitskerfi okkar undanfarin misseri gefa sannarlega tilefni til að náttúran fái öflugri gæslumenn.

Þessu nátengt eru frárennisliskerfin. Við þurfum ekki annað en að horfa í kringum okkur þar sem við erum að veiða til að

sjá að í nágrenni við eða ofarlega á vatnasvæði margra veiðiaa eru vinsæl tjaldsvæði eða samkomustaðir. Þessi svæði fyllast af gestum um helgar yfir sumartímenn, þar eru haldin hestamannamót og aðrar mannmargar hátíðir af ýmsum toga. Eru frárennisliskerfin á viðkomandi stað örugglega hönnuð til að taka á móti hundruðum eða þúsundum gesta um eina helgi? Líti nú hver í eigin barm.

Stangaveiðimenn eiga ekki að sætta sig við það næst besta í mengunarvörnum þegar verja skal veiðivötn eða aðrar náttúruperlur. Kannski þarf að setja lög um bótaábyrgð rekstraráðila sundlauga og allra annarra fyrirtækja til að koma í veg fyrir að klór, dauður kjúklingur eða annar sláturúr-gangur flæði um ár og vötn. Því allir virðast skilja hlutina betur ef taka þarf upp veskið.

*Eiríkur Indriði  
#737*

**Scott**  
flugustangir

**SÖLUSTADIR:**  
Veiðiportið í Reykjavík,  
Flugukofiinn í Keflavík og  
Veiðibúðin við Lækinn í Hafnarfirði

# Uppskriftahornið



Jóhann með laxinn.

Uppskriftahornið er nýr liður í Áróði. Þar munu birtast jöfnum höndum uppskriftir af veiðnum flugum og bráðinni sem þær gefa veiðimanninum. Við ríðum á vaðið með uppskrift af nytjafiskunum flundru og ál og flugunni Rafn sem Stefán Hjaltested hannaði í minningu Rafns Hafnfjörð. Innblásturinn er sóttur í merki Ármanna sem Rafn hannaði á sínum tíma. Að sjálfsögðu fylgir veiðisaga með í kaupunum, Jóhann Hafnfjörð segir frá:

Það var þannig að rétt fyrir veiðisumarið í ár færði Stefán Hjaltested mér flugu sem hann hafði hnýtt í minningu pabba, Rafns Hafnfjörð, með þeim orðum að ef ég fengi á hana fisk mætti ég nefna hana. Ég var þá einmitt á leið í Viðidalssá í leiðsögn með vini mínum John Burne. Það var einn morguninn sem lítið var að gerast að ég sagði honum frá flugunni og bauð hann mér að kasta er hann hvíldi sig skamma stund. „Farðu nú og settu í einn á fluguna góðu.“ Ég setti fluguna á og hugsaði með mér að þetta gengi aldrei, karlinn búinn að kasta þremur flugum á rennuna og fiskarnir orðnir styggi. En þegar ég var að skipta um flugu var mér lítið upp ána og sá þá hvar lax stökk rétt fyrir ofan rennuna. Þetta er smá hola sem var dýpkuð fyrir nokkrum árum og þarna stöðvar stundum fiskur í göngu. Staðurinn er stundum í gríni nefndur Jóhannslaug eftir að undirritaður var að kanna dýpið þegar dýpkun fór fram með þeim afleiðingum að ég fór á bólakaf. Ég hugsaði mér náttúrulega gott til glóðarinnar því þarna væri hvíldur staður. Ég rölti uppeftir og byrjaði efst í Jóhannslaug og í

fyrsta kasti reisti ég þvílíkt tröll, örugglega 20 punda fisk. Þessi dreki kom upp þrisvar í viðbót, alltaf fór hann í fluguna og braut yfirborðið. Ég talaði náttúrulega við pabba allan tímann meðan á þessu stóð og spurði ráða. Eftir sirka 10 köst án þess að hann kæmi aftur tók ég skrefið og lengdi aðeins í. Hélt að hann hefði kannski fært sig aðeins aftur í holuna. Í fyrsta kasti eftir skrefið tók fiskur sem ég landaði skömmu síðar og reyndist vera fyrsti fiskurinn á nýju fluguna hans Stebba. Þetta var nýgenginn smálax sem ég gaf líf og þakkaði kærlega fyrir mig. John vinur minn var mjög ánægður fyrir mína hönd og þeir eru ekki margir fjögurra pundararnir sem ég hef komist við að landa. En það var eitthvað svo ótrúlegt hvað maður varð meyr við þetta, með kökk í hálsi og tár á hvarmi helltust yfir mig minningar um gamla. Flugan fékk náttúrulega nafnið Rafn.

Það var svo nokkrum dögum seinna að ég var með írskan veiðimann Vince að nafni í Dalsárós. Hann var soldaður þreyttur þennan morguninn, hafði verið á spjalli við vin sinn Jameson um nóttina. Hann bauð mér að kasta en ég neitaði með þeim orðum að það gerði ég aldrei, ég gæti lent í því að fá 30 punda fisk og ég vildi miklu fremur að hann fengi hann. Það var svo nokkru síðar sama morgun að ég var að labba með honum út í Nedri Garða og hélt ég að hann væri þarna rétt á eftir mér. Þegar ég var kominn út í miðja á og ætlaði að rétta honum stöngina þá sá ég að hann lá bara á bakkanum og sagðist ætla að leggja sig. „Show me how it's done,“ var það eina sem hann sagði og

lagðist svo niður. Ég var kominn út á klöppina með tvíhenduna hans og hugsaði með mér að best væri að prufa Rafn og sjá hvort hún virkaði ekki aftur. Ég var varla byrjaður að veiða staðinn, var bara að lengja í, er hann nelgdi hana þessi líka fiskurinn, nýgenginn og fullur af orku. Með 14 feta stöngina í keng allan tímann náði ég að landa þessum fallega fiski á innan við 10 mínútum. Sporðtók hann sjálfur, lengdarmældi 100 cm og losaði úr honum. Ég rétti Vince myndavélina mína og hann tók myndina af mér með fiskinn.

Ég vil að lokum þakka Stebba fyrir fluguna, þessi fluga gaf mér meira en nokkur önnur sem ég hef veitt á eða hnýtt sjálfur.

Takk Jóhann Hafnfjörð.



Ljósmynd Jóhann Hafnfjörð

Rafn

**Broddur:** Ávalt silfur  
**Stél:** Kóngablár íkorni  
**Vöf:** Ávalt silfur  
**Bolur:** Glanshvítt Lureflash floss  
**Skegg:** Kóngablár íkorni  
**Vængur:** Kóngablár íkorni  
**Haus:** Hvítur

# Flundrur og álar



Ljósmynd: Magnús Jóhannsson

## Flundrurúllur með silungamauki og reyktum ál

Fyrir tvo Ármenn

- Ein eða tvær flundrur eftir stærð, flakaðar, roðflettar og beinhreinsaðar
- Eitt stykki pundsbleikja (Ármannastærð), flökuð, roðflett, beinhreinsuð og skorin í bita.
- Ein eggjahvíta
- Ein matskeið saxað fersk basilika
- Einn dl rjómi
- Salt og pipar eftir smekk
- Flak af heitreyktum ál

### Aðferð:

Setjið bleikjubita, eggjahvítu, basil og rjóma í matvinnsluvél. Kryddið með salti og pipar eftir smekk og maukið í allt að 1 mínútu. Smyrjið maukinu á flundruflökin og rúllið upp. Kryddið rúllurnar með salti og pipar. Setjið í 180°C heitan ofn í 10-15 mínútur eftir stærð. Meðlæti eftir kenjum kokksins, nýjar kartöflur og smjör ef því er að skipta ásamt fersku salati og reyktur álabitum.

*Bon appetit.*

Flundran er aðskotafiskur í íslenskum veiðivötnum og ám. Þessi skyldfiskur kola hefur hingað til átt heimkynni allt frá ströndum Afríku til Færeyja en líklegt er að hlýnandi sær og hafstraumar hér norður frá ýti undir landnám hennar. Hún hefur hingað til leitað upp í ár og vötn á Suður- og Vesturlandi en sem betur fer hrygnir hún alltaf í sjó.

Hún hefur töluvert sést í Hlíðarvatni síðustu ár og meðal annars sá greinarhöfundur himbrima næla sér í eina slíka í Botnavíkinni í fyrra. Sem betur fer virðist grjóthleðslan við ósinn koma í veg fyrir frekari landnám hennar í vatninu og sást stór flundrutorfa fyrir neðan hana í sumar.

Flundran er klárlega skaðvaldur í seiðabúskap vatnakerfa og étur seiði í gríð og erg. Sjá má á eftirfarandi slóð <http://www.youtube.com/watch?v=rk0uTNUhK5k> að aumingja neontetrurnar eiga uggum sínum fjör að launa ef þær eiga ekki að enda sem úrgangur á botni fiskabúrsins.

Flundrur geta orðið ansi stórar eða allt að 50-60 cm langar þó svo þær séu nokkuð minni hér við land. Hún er þekktur nytjafiskur erlendis og þykir prýðisgóður matur. Sömu sögu er að segja um álinn þó svo hann teljist nú varla stór skaðvaldur í vatnakerfinu. Danir hafa lengi gætt sér á smurbrauði með reyktum ál og eggjæreru. Sá einmitt bæði flundru og ál í sömu lax-

veiðiánni á Mýrunum í sumar. Ekki mun- aði nema hársbreidd að sonurinn snaraði spriklandi 50 cm állkvikindi á land, rétt slapp af króknum í löndun háll sem áll. Sá hefði endað í reykofninum.

Það er ekki úr vegi að líta aðeins á björtu hliðarnar og hvetja veiðimenn til að hirða flundrur og ála í sodið. Þegar líður að vori mun greinarhöfundur sína áhugasömum rétta meðhöndlun afla og flökun fiska í Árósum, þar munu hvorutveggja mæta flatfiskar og álar. Hér í Uppskriftahorninu fylgir einföld uppskrift af þessum vanmetnu nytjafiskum.

Árni Þór Sigurðsson  
#382

**JOAKIMS**

JOAKIM'S fluguveiðivörurnar fást hjá.

- Netversluninni [www.mokveidi.is](http://www.mokveidi.is).
- Veiðiportinu Grandagarði 3.
- Og svo hjá JOAKIM'S ehf Ásbúð 82 Garðabæ en þar er opið eftir pöntunum í síma 698-4651 eða á [joakims@simnet.is](mailto:joakims@simnet.is)

# Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni

Afsláttur til Ármanna

## Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 [www.vesturroost.is](http://www.vesturroost.is)

# Hlíðarvatnsdagurinn



*Margmenni við Hlíðarvatn. Séð frá Skollabollum inn í Botnavíkina.*



*Spekingar spjalla.*

Fjórða september síðastliðinn tóku veiðifélögin við Hlíðarvatn á móti gestum í tilefni af sameiginlegum veiðidegi þar sem veiðimönnum ókunnugum Hlíðarvatni var boðið til veiða án endurgjalds. Áhugasamir gestir fengu í hendur kort af vatninu og reyndir veiðimenn sýndu þeim þekkta veiðistaði og leiðbeindu um veiðiaðferðir. Í hús okkar Ármanna komu tugir gesta. Þar voru ýmist félagsmenn á ferð með fjölskyldur og vini eða aðrir áhugasamir. Veður var með afbrigðum gott, bæði bjart og stillt. Eitthvað var bleikjan treg til töku en það gerir bara meiri kröfu til veiðimanna. Vonandi getum við endurtekið leikinn að ári liðnu og nú þegar hefur sama góða veðrið verið pantað hjá æðri máttarvöldum.



*Veiðimaðurinn Alexander Már Bjarnason á berjaveiðum á Hlíðarvatnsdeginum.*



*Stefán Hjaltested sýnir hvernig á að kasta flugulínu.*



*Bjarni Már Svavarsson tekst á við 54 cm bleikju.*



## Reyklausir Árósar

Á stjórnarfundum þann 10.03.2011 samþykktu stjórnarmenn Ármanna samhljóða að landslögum um reykingabann yrði framfylgt í Árósum. Lög þess efnis voru sett í apríl 2007 og má sjá hér údrátt úr þeim:

„Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrir-tækja og félagsamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þ.m.t. íþrótt- og tómstundastarf. Sama gildir um tilsvarendi svæði utan húss séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.“

Sett verður upp stubbahús eða viðlíka utandyra til að koma til móts þá sem reykja. Það verður Ármönnum áreynslulaust að framfylgja þessu eins löghlýðnir og þeir eru.



Árið 1991, pallaviðgerð við Hlíðarvatn.  
Pálmi, Daði, Kolbeinn, Valdór og Oddur.

## Myndasafn Ármanna

Þessa dagana stendur yfir skráning á gömlum myndum í Árósum. Um er að ræða safn mynda allt að 30 ára gömlum sem verður komið á tölvutækt form til varðveislu. Félagsmenn eru hvattir til að koma með gamlar myndir í Árósa og hjálpa okkur að búa til glæsilegt myndasafn sem lýsir sögu og þróun félagsins. Sérstaklega væri gaman að fá myndir frá árdögum félagsins á áttunda áratugnum.

*Stjórnin*

## Veiðimannamessa í Strandarkirkju

Hin árlega Veiðimannamessa í Strandarkirkju verður haldin sunnudaginn 30. október 2011 og hefst kl. 14. Ármenn eru hvattir til að fjölmenna, heita á kirkjuna að gömlum og góðum sið og tryggja sér góð aflabrogð á næstu vertíð.



Stebbi Hjalt og Braqi Guðbrands  
reyna að ná sambandi við almættið

# Vetrardagskrá í Árósum 2011-2012

## Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22

Opið hús á völdum miðvikudagskvöldum frá kl. 20-22

## Auglýstir viðburðir

24. október mánudagur	Árósar opna kl. 20
7. desember miðvikudagur	Aðventukaffi og bókakynning
4. janúar miðvikudagur	Skilalok veiðileyfaumsókna
23. janúar	Afgreiðsla veiðileyfa
24. janúar	Afgreiðsla veiðileyfa
25. janúar	Afgreiðsla veiðileyfa
28. janúar laugardagur	Þorrablót
1. febrúar miðvikudagur	Viðar Egilsson frá Gallerí flugur gestahnýtari
<b>Febrúar mánudagskvöld</b>	<b>Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar</b>
8. febrúar miðvikudagur	Aðalfundur
5. mars mánudagur	Þurrfluguhnýtingar
14. apríl laugardagur	Vorfagnaður
25. apríl miðvikudagur	Meðferða aflu og einfaldar uppskriftir
28.-29. apríl	Hlíðarvatnshreinsun

Ýmislegt er í deigluinni varðandi dagskrá opinna húsa í vetur.

Meðal annars mæta gestahnýtarar, veiðisvæði komandi árs verða kynnt og sitthvað fleira. Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í Áróði og á heimasíðu Ármanna [www.armenn.is](http://www.armenn.is)

## Stjórn Ármanna býður nýja félagsmenn velkomna í félagið

138 Kristín Robertsdóttir  
832 Friðrik Helgi Árnason  
833 Friðbjörn Steinsson

834 Eiríkur Grímsson  
835 Jóhannes Bárðarson  
836 Bjarni Ingvarsson

837 Ágúst Elvar Almy



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.  
[wurth@wurth.is](mailto:wurth@wurth.is)  
[www.wurth.is](http://www.wurth.is)  
Sími: 530 2000  
Freyjunesi 4  
603 Akureyri

Vesturhrauni 5  
210 Garðabæ  
Bildshöfða 16  
110 Reykjavík  
Smiðjuvegi 11  
200 Kópavogi

**4 verslanir**

**ARMENN**  
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051  
Ritstjórn og ábyrgð: Árni Þór Sigurðsson, [chefarni@internet.is](mailto:chefarni@internet.is)  
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf. [www.armenn.is](http://www.armenn.is) / [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is)